



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 41/2013

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Couture ehf. á
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

Þann 12. ágúst 2013, kom starfsmaður Neytendastofu í verslunina Couture Laugavegi 86 Reykjavík, í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum, þ.m.t. í búðargluggum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í verslun var í góðu lagi. Aftur á móti voru vörur í búðarglugga óverðmerktar.

Starfsmaður Couture kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Couture ehf., dags. 23. ágúst 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til Couture að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.

Hinn 30. september 2013, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá fyrirtækinu. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga í búðargluggum var enn ábótavant. Starfsmaður Couture kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.



Með bréfi Neytendastofu til Couture, dags. 1. október 2013, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar skýringar eða athugasemdir bárust Neytendastofu.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Couture ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu, eftir skoðun Neytendastofu þann 12. ágúst 2013, um að koma verðmerkingum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1.-3. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.



Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt ákvæðunum ber Couture að verðmerkja allar söluvörur sínar, þar með talið þær sem eru í búðarglugga.

Með því að verðmerkja ekki söluvörur í búðarglugga hefur Couture brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. gr. reglna nr. 536/2011. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Couture ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III. Ákvörðunarorð:

„Couture ehf., Brúnási 4, Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með því að hafa ekki verðmerkt vörur í búðarglugga verslunar fyrirtækisins, Couture, Laugavegi 86, Reykjavík.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Couture ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 16. desember 2013.

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Sigurjón Heiðarsson